

.....

Kynningarfundur um nýjan kjarasamning Elkem 2021



01
May

Kynning á nýjum kjarasamningi við Elkem Ísland

- Þessi kjarasamningur byggist á sömu launabreytingum og samið var um í Norðuráli og önnur stóriðjufyrirtæki fylgdu síðan eftir.
- Við höfum fundað í fjölmörg skipti en töluverður tími fór í að lesa heildarkjarasamninginn yfir.
- Henda út eldgömlum yfirlýsingum og bókunum sem ekki áttu við lengur.
- Einnig að setja inn ákvæði eins og með orlof og önnur atriði sem samið var um í síðasta samningi.
- Það hefur farið umtalsverður tími í þessa vinnu
- Einnig skal það alveg viðurkennast að það tók smá tíma fyrir stjórnendur Elkem að fá móðurfélag Elkem til að samþykkja þessar launabreytingar
- Enda eiga Norðmennirnir erfitt með að skilja íslenskan vinnumarkað og finnst þessar launabreytingar ekki vera til samræmis við það sem samið er um í Noregi.
- Þeir verða bara að skilja íslenska vinnumarkaðinn og lúta þeim launabreytingum sem samið hefur verið um í sambærilegum iðnaði.
- Þessu til viðbótar hefur Verkalýðsfélag Akraness þurft að berjast enn og aftur við svokallaða „samherja“ í verkalýðshreyfingunni.
- En er ég þá að tala um að mínir félagsmenn fái val um að ráðstafa 3,5% í frjálstan séreignarsparnað en ASÍ hefur svo sannarlega lagt stein í götu okkar hvað það varðar. Ég vil þakka Álfheiði forstjóra fyrir að vilja finna lausn og farveg til að láta á þennan ágreining reyna fyrir Félagsdómi. Ég mun á eftir fara ítarlega yfir þetta mál.



Kynning á nýjum kjarasamningi við Elkem Ísland

- Mikilvægt að Elkem átti sig á því að eftir að Norðurál breytti vaktakerfinu sínu úr 12 í 8 tíma vaktakerfi er komin miklu meiri samkeppni um starfsfólk.
- Ég er handviss um að Norðurál á eftir að verða mjög eftirsóknarverður vinnustaður eftir að nýja kerfið kemur á sem er eðli málsins samkvæmt mun manneskjulegra og fjölskylduvænna en 12 tíma vaktakerfið.
- Það sem hefur einnig tafið þessar viðræður er að Samtök atvinnulífsins og ASÍ sögðu að samningsrétturinn til að semja um lífeyrisréttindi lægi hjá ASÍ en ekki VLFA.
- Þessu mótmælti Verkalýðsfélag Akraness harðlega enda skýrt kveðið á um í öllum lögum að samningsrétturinn liggur hjá stéttarfélagunum en ekki ASÍ.
- VLFA vildi að starfsmenn hefðu val um að ráðstafa 3,5% af 15,5% iðgjaldi í lífeyrissjóð að eigin vali. Elkem var sammála því að starfsmenn fengju að hafa þetta val.
- ASÍ sagði nei þetta kemur ekki til greina því VIÐ höfum samningsréttinn.
- Á endanum náðum við saman við Elkem en við gerðum viðauka við kjarasamninginn en þurfum að fara með málið fyrir félagsdóm. Mun fara yfir viðaukann á eftir.

Helstu atriði nýs kjarasamnings

- Kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2022
 - Hægt að framlengja samninginn um tvö ár. Launahækkunir fyrir 2023 og 2024 munu þá hækka samkvæmt 95% af hækku launavísitölunnar.
- Laun hækka með eftirfarandi hætti:
 - 1. janúar 2021 um 5,8%
 - 1. janúar 2022 um 5,8%
- Orlofs-og desemberuppbætur verða eftirfarandi:
 - Árið 2021 verða þær 238.923 kr. samtals 477.846 kr.
 - Árið 2022 verða þær 244.896 kr. samtals 489.792 kr.
- Orlofs-og desemberuppbætur munu síðan hækka fyrir árin 2023 og 2024 eins og 95% af hækku launavísitölunnar mun hækka um.





Hámarksbónusinn mun hækka um 2,5%

- Í þessum kjarasamningi erum við að hækka hámarkið í bónusnum úr 10,5% í 13% eða um 2,5%. Þessi hækkun gildir frá 1. janúar 2021.
- Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að taka bónuskerfið til endurskoðunar.
- Vil vekja athygli á því að á síðasta samningstímabili gaf bónusinn ykkur að meðaltali 6,79%. En það er 65% af 10,5% hámarkinu. Þetta er alls ekki nægilega gott
- Enda eru samningsaðilar sammála um að bónuskerfið eigi að jafnaði að gefa 80% af hámarkinu.
- Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða núgildandi bónuskerfi. Markmið endurskoðunar er m.a. að annar bónus taki við af kísilnýtingarbónus og að kanna möguleika á að auka vægi markmiða sem hver deild/hópur mun setja sér. Nýtt kerfi taki gildi eigi síðar en 1. október 2021.
- Samningsaðilar eru sammála um að frá undirritun samningsins og þar til nýtt bónuskerfi tekur gildi verði greiddur fastur bónus, 10,4% (80% af 13%).
- Þetta þýðir að þar til nýtt bónuskerfi verður komið á verður hann tryggður í 10,4%
- Það er gríðarlega mikilvægt að starfsmenn séu vel meðvitaðir um þann mikla ávinning sem bónuskerfið getur skilað starfsmönnum en hér er um mikla fjármuni um að ræða.

		Ofngæslumenn og 7/7 menn					
Grunnlaun	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	
Árið 2020	333.741	353.765	367.115	377.127	387.140	393.814	
Árið 2021	353.098	374.284	388.408	399.001	409.594	416.656	
Hækkun	19.357	20.518	21.293	21.873	22.454	22.841	

Hækkun grunnlauna ofngæslu og 7/7 menn 1. janúar 2021

Hækkun grunnlauna 5,8% frá 1. janúar 2021

		Ofngæslumenn og 7/7 2022					
Grunnlaun	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	
Árið 2020	333.741	353.765	367.115	377.127	387.140	393.814	
Árið 2022	373.578	395.993	410.936	422.143	433.350	440.822	
Hækkun	39.837	42.227	43.821	45.016	46.211	47.008	

Ofngæslumenn og 7/7 hækkun grunnlauna 2022

Grunnlaun	Byrjun	Dagvinnumenn				
		1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár
Árið 2020	341.196	361.668	375.316	385.551	395.787	402.611
Árið 2021	360.985	382.644	397.084	407.913	418.743	425.962
Hækkun	19.789	20.976	21.768	22.362	22.955	23.351

Dagvinnumenn hækkun grunnlauna 2021 5,8%

	Dagmenn hækkun grunnlauna 2022					
Grunnlaun	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár
Árið 2020	341.196	361.668	375.316	385.551	395.787	402.611
Árið 2022	381.922	404.837	420.114	431.572	443.030	450.668
Hækkun	40.726	43.170	44.799	46.020	47.242	48.057

Dagvinnumenn hækkun grunnlauna 2022

Bónuskerfið

Hérna sjáið þið hvernig bónusinn var á síðasta samningstímabili:

	Bónus	Hámark 10,5	8,4			
	2017	2018	2019	2020		
1	5,73	5,72	5,85	4,91		
2	6,08	6,08	6,88	8,25		
3	6,48	5,26	6,83	8,48		
4	6,38	5,41	8,04	8,25		
5	6,3	7,32	7,43	6,13		
6	7,57	5,44	7,62	6,43		
7	7,38	5,79	7,1	8,6		
8	7,16	5,35	7,08	8,25		
9	6,93	5,97	5,54	8,5		
10	7,5	5,97	5,98	8,63		
11	9	2,33	6,1	8,96		
12	8,46	5,6	5,17	9,65		
Meðaltal	7,08	5,52	6,64	7,92	6,79	

Vilhjalmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



Launavísitala fyrir árin 2023 og 2024

Launahækkanir sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023 og 2024 taka mið af sömu launahækkunum og Norðurál fær eða sem nemur 95% af hækkun launavísitölunnar.

Ég myndi áætla að launavísitalan verði á bilinu 5 til 8% á þessum tímabilum ef maður ber saman söguna um þróun launavísitölunnar.

Samanburður á launakjörum NA og Elkem

- Rétt er að geta þess að starfsmenn Elkem hafa umtalsvert meira heildarorlof en starfsmenn Norðuráls.
- Hjá byrjanda og starfsmanni eftir 1 ár munar 48 tímum í aukið orlof miðað við Norðurál eða 6 vöktum/dögum.
- Hjá starfsmanni eftir 3 ára starf til starfsmanns eftir 5 ára starf munar 40 tímum eða 5 vöktum/dögum í aukið orlof miðað við Norðurál.
- Hjá starfsmanni eftir 7 ára starf til starfsmanns eftir 10 ára starf munar 32 tímum eða 4 vöktum/dögum í aukið orlof miðað við Norðurál.



Samanburður
á launum NA
og Elkem 5/5

Ofngæslumenn 5/5		6%	10%	13%	16%	18%
Elkem Ísland	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár
Grunnlaun (vaktamenn)	353.098	374.284	388.408	399.001	409.594	416.656
Meðalvaktaálag (37,62%)	132.835	140.806	146.119	150.104	154.089	156.746
Ferðap.(0,8%*18)	50.846	53.897	55.931	57.456	58.981	59.998
Bónusar og álög (10,4%)	55.829	59.179	61.412	63.086	64.761	65.878
Mismunur orlof	17.776	18.844	16.277	16.723	13.764	14.001
Samtals á mán	610.385	647.009	668.146	686.371	701.189	713.279
			Starfsaldur			
Norðuál 8 tíma vaktir		9%	15,36%	18,45%	19,48%	21,54%
Grunnlaun (vaktamenn)	349.096	380.515	402.717	413.504	417.100	424.291
Meðalvaktaálag (37,62%)	131.330	143.150	151.502	155.560	156.913	159.618
Ferðap.(0,90%*19)	59.695	65.068	68.865	70.709	71.324	72.554
Bónusar og álög (8%)	43.210	47.099	49.847	51.182	51.627	52.517
Samtals á mán	583.331	635.831	672.931	690.956	696.964	708.981
Hækkun í krónum	- 27.054	- 11.178	4.785	4.585	- 4.225	- 4.298
Hækkun í %	-4,43	-1,73	0,72	0,67	-0,60	-0,60

Orlofs- og desemberuppbætur

- 3.12.2. Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 4 mánaða samfelld starf á árinu, skal við starfslok fá greidda orlofsuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sumarafleysingamenn, sem vinna tilfallandi að lokinni sumarráðningu, eiga jafnframt rétt á hlutfallslegri uppbót svari vinnuframlag þeirra á orlofsárinu til a.m.k. 4 mánaða starfs í fullu starfi (584 klst. m.v. 5/5 vaktir).
- Gríðarlega mikilvægt fyrir afleysingafólk enda þurfti það að vinna í 4 mánuði áður en réttindavinnsla byrjaði að tikka inn.



Bókun

um endurskoðun bónuskerfis

- Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða núgildandi bónuskerfi. Markmið endurskoðunar er m.a. að annar bónus taki við af kísilnýtingarbónus og kanna möguleika á að auka vægi markmiða sem hver deild/hópur mun setja sér. Nýtt kerfi taki gildi eigi síðar en 1. október 2021.
- Samkvæmt gr. 4.01.1 í kjarasamningi er það hlutverk trúnaðarmannaráðs og stjórnenda Elkem að skilgreina mælikvarða bónuskerfis og skal miðað við að eðlileg frammistaða í samræmi við markmið aðila skili árlega 80% af hámarksbónus. Ef samstaða næst um að taka upp hópaskiptan bónus er heimilt að víkja frá ákvæði 2. málslíðar greinar 4.02.1 um að bónus sé sama hlutfall af launum fyrir alla starfsmenn.
- Samningsaðilar eru sammála um að frá 1. janúar 2021 og þar til nýtt bónuskerfi tekur gildi verði greiddur fastur bónus, 10,4% (80% af 13%). Ef ekki næst samkomulag fyrir 1. október 2021 fellur fastur bónus niður en núgildandi bónus breytist þannig að bónusþak í 5S bónus verður 10% en kísilnýtingarbónus verður með óbreyttu þaki. Gildir það fyrirkomulag þar til samkomulag næst um annað.
- Samkomulag er um að við uppgjör vegna tímabilsins janúar til maí 2021 verður greiddur mismunur á föstum bónus (10,4%) og markmiði meðalbónuss skv. eldri kjarasamningi. Heildarleiðrétting launa (umsamin hækkun launa skv. 2. gr. og bónusleiðrétting) verður því 7,44% vegna þessa tímabils.

Bókun

um afleysingastarfsmenn í vaktavinnu og innlagða yfirvinnutíma

- Samningsaðilar eru sammála um að afleysingastarfsmenn á vöktum fái greitt meðalvaktaálag með sama hætti og fastir starfsmenn
- Samkvæmt gr. 3.06.2 er hámark innlagðra yfirvinnutíma 108 vinnustundir á einu ári, þ.e. á einu almanaksári er að hámarki heimilt að leggja inn 108 vinnustundir m.v. fullt starf allt það ár. Gert er ráð fyrir að starfsmenn taki að jafnaði út innlagða tíma innan árs frá innlögn þannig að hámark inneignar fari ekki yfir 108 vinnustundir á hverjum tíma. Starfsmönnum sem eiga inni fleiri innlagðra tíma verður gefið fullnægjandi svigrúm til úttektar umframtíma.

Bókun um vinnutíma á 7/7 vöktum

- Elkem mun ásamt fulltrúum starfsmanna á 7/7 vöktum skoða með hvaða hætti bæta megi nýtingu vinnutíma og hvort stytta megi viðveru á vinnustað með því að breyta skipulagi hléa og eftir atvikum stytta eða fella niður kaffihlé. Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir eigi síðar en 1. október 2021 og verður þá samkomulagið borið undir hlutaðeigandi starfsmenn til samþykktar eða synjunar. Meirihluti ræður niðurstöðu. Heimilt er að gera tímabundið samkomulag til reynslu.

Afturvirkni samningsins

- Í ljósi þess að kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar þá þarf að leiðrétta laun 5 mánuði aftur í tímann. En leiðréttingin nemur um 7,69% af heildarlaunum frá áramótum.
- Það þýðir að ofngæslumenn eru að fá í leiðréttingu sem nemur frá 223 þúsund upp í 300 þúsund. Síðan þarf að lagfæra tilfallandi yfirvinnu. En yfirvinnukaupið er t.d. að hækka hjá starfsmanni á 10 ára taxta um 260 kr. á tímann.
- 7/7 menn eru að fá í leiðréttingu þetta frá 201 þúsund upp í 237 þúsund fyrir þessa 5 mánuði.

Lífeyrismál

- Eins og áður sagði þá vildi VLFA að starfsmenn Elkem hefðu val um að ráðstafa 3,5% af 15,5% iðgjaldi að eigin vali en ASÍ sagði nei við höfum samningsréttinn hjá okkur.

- Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir í 3 gr.

- **„Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim tæknörkunum, sem sett eru í lögum þessum.“**

- Í sömu lögum segir í 5 gr.

- **“Stéttarfélög eru lögfornlegur sanningsaðili um kaup og kjör meðlima sína, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.”**

- Verkalýðsfélag Akraness vill að þið hafið val um þessa ráðstöfun enda þetta ykkar réttindi og það sem VLFA vill gera lýtur að því að þið fáið h til að ráðstafa þessum 3,5% í frjálsa séreign.



Lífeyrismál

- Okkar krafa hljóðaði svona:

- *„Löggjald í lífeyrissjóð fyrir félagsmenn VLFA verði 12%, Starfsmaður greiði 4% og 8% koma frá atvinnurekenda. Til viðbótar 8% mótframlagi fyrirtækisins í lífeyrissjóð koma 3,5% sem félagsmenn VLFA ákveða hvort þeir ráðstafa í samtrygginguna í sínum lífeyrissjóði, tilgreinda séreign eða í frjálsan viðbótarsparnað.“*

- Eina sem þarna er verið að gera er að auka réttindi ykkar enn frekar með því að þið fáið val um að ráðstafa í frjálsan viðbótarsparnað.
- Rétt er að geta þess að þessi frjálsi viðbótarsparnaður er frjálsari og gefur launafólki heimild til að taka hann út í einu lagi þegar það verður 60 ára og þessa séreign má t.d. nota til að greiða skattfrjálst inn á húsnæðislán sín með öllum þeim ávinningi sem af því hlýst.
- ASÍ vill helst að allt fari í samtrygginguna og launafólk hafi ekki þetta val.
- Þetta mál lýtur ekki bara að því að auka val ykkar heldur að sjálfstæði stéttarfélaganna til að ráða sínum hagsmunamálum sjálf.
- Þetta eru ykkar réttindi, ykkar kjarasamningur og það kemur ekki til greina að láta forseta ASÍ taka þann rétt af okkur.
- Hér á næstu síðu kemur viðaukinn sem VLFA gerði með Álfheiði forstjóra Elkem en VLFA mun þurfa að fara með málið fyrir Félagsdóm til að ná þessum viðauka í gegn.

**Viðauki við kjarasamning
milli
Elkem Ísland ehf., annars vegar
og
Verkalýðsfélags Akraness („VLFA“), hins vegar.**

1. gr.

VLFA telur að félagið hafi fullt umboð til að gera kjarasamning fyrir hönd félagsmanna sinna og þar talið með umboð til að semja um lífeyrismál. Alþýðusamband Íslands (ASI) telur sig aftur á móti hafa samningsumboð vegna lífeyrismála félagsmanna VLFA. Samtök atvinnulífsins (SA) hafa gert samning við ASI og þar sem SA vill virða þann samning telja samtökin sig ekki hafa heimild til að semja við VLFA um lífeyrismál í kjarasamningi þessum.

Vegna framangreinds mun VLFA fara með umræddan ágreining fyrir Félagsdóm og krefjast viðurkenningar á því að VLFA sé réttur samningsaðili gagnvart Elkem Ísland ehf., og eftir atvikum SA, varðandi lífeyrismál. Elkem Ísland ehf. mun samþykkja lögsögu Félagsdóms í málinu.

Elkem Ísland ehf. og VLFA eru sammála um að verði niðurstaða Félagsdóms sú að samningsumboðið sé hjá VLFA skuli grein 8.02.1 orðast svo:

Löggjald í lífeyrissjóð fyrir félagsmenn VLFA verði 12%. Starfsmaður greiði 4% og 8% koma frá atvinnurekenda. Til viðbótar 8% mótframlagi fyrirtækisins í lífeyrissjóð koma 3,5% sem félagsmenn VLFA ákveða hvort þeir ráðstafa í samtrygginguna í sínum lífeyrissjóði, tilgreinda séreign eða í frjálsan viðbótarsparnað.

Framangreind breyting tekur þegar gildi en kemur ekki til framkvæmda fyrr en að fenginni niðurstöðu Félagsdóms.

2. gr.

Verði gerð breyting á lögum sem hækkar lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs úr 12% í 15,5% leiðir slík hækkun ekki til breytinga á framlagi Elkem.

Komi upp ágreiningur við viðauka þennan við þann lífeyrissjóð sem tilheyrir félagsmönnum VLFA er það á ábyrgð VLFA að leysa úr slíkum ágreiningi. Elkem ber enga ábyrgð ef upp kemur ágreiningur um ráðstöfun iðgjaldsins og VLFA ábyrgist að slíkur ágreiningur muni ekki leiða til kostnaðarauka fyrir Elkem.

Forsenda gildistöku viðauka þessa er að fyrirbyggjandi vinnustaðasamningur Elkem Ísland og stéttafélaganna verði samþykktur

Ákranesi, 17. maí 2021

F.h. VLFA

F.h. Elkem Ísland ehf.

Vilhjálmur Birgisson
Formaður

Álfheiður Ágústsdóttir
Framkvæmdastjóri





Lífeyrismál

- En hvað þýðir þetta í réttindum ef t.d. starfsmaður er 30 ára þegar hann byrjar að vinna og vinnur hjá Elkem til 67 ára.
- Byrjum á því að hann setji allt í samtrygginguna 15,5%
- Við notum meðallaunin eins og þau eru í dag sem er um 700.000 kr. á mánuði.
- Hann fengi í lífeyri og greiðslur frá Tryggingastofnun 405.175 kr. á mánuði.
- Ef hann myndi setja 12% í samtryggingu og 3,5% í frjálsa séreign þá myndi dæmið vera svona.
- Hann fengi í lífeyri og greiðslu frá Tryggingastofnun 378.972 kr. á mánuði.
- Hér er mismunur upp á 26.203 kr. Þetta gerir 314.247 kr. á ári.
- En takið eftir hann væri búinn að ávinna sér inn erfanlega séreign upp á 19.721.303 kr.
- Hugsið ykkur að bara 3,5% verðbætur af tæplega 20 milljóna inneign gefur 690 þúsund á ári. Sem er 376 þúsund meira en ávinningur af því að vera með 12% í stað 15,5% í samtrygginguna.
- Við skulum líka öll muna að enginn veit sína ævi fyrr en öll er og ef fólk fellur frá fyrir 67 ára aldur þá nánast tapast allt en séreignin fer til lögerfingja.

Að lokum þetta

- Þessi kjarasamningur er í anda þess sem samið var um í Norðuráli og bæði álverið í Straumsvík og Fjarðarál á Reyðarfirði gerðu einnig.
- Þetta er góður kjarasamningur sem tryggir ykkur uppundir 15% launahækkun þegar 1. janúar 2022 verður runninn upp eða eftir 7 mánuði.
- Þetta tryggir ykkur líka að búa til gott bónuskerfi sem á klárlega að geta tryggt ykkur að lágmarki 10,4% bonus
- Síðan erum við með launavísitölutengingu sem mun ekki bara hækka laun ykkar sem nemur hækkun launavísitölunnar heldur munu orlofs-og desemberuppbætur taka þá hækkun
- Ég er líka mjög ánægður með viðaukann sem mun gilda fyrir félagsmenn VLFA sem mun tryggja þeim val við að ráðstafa 3,5% ef málið vinnst fyrir félagsdómi.
- Það er hins vegar með ólíkindum að forysta ASÍ skuli leggja stein í götu okkar um að fá að semja eins og við viljum. Ég vil segja hafi þessir aðilar skömm fyrir!
- Ég vil hvetja alla til að samþykkja þennan samning og að lokum vil ég þakka öllum trúnaðarmönnum fyrir afar gott samstarf.